



ZZ Sport ehf.

Grænalaut 19
Reykjanesbær

Reykjanesbær, 24. nóvember 2022

Mál nr. 2022110285

Efni: Tilkynning um afgreiðslu á erindi

Á 339. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar vegna byggingarleyfisumsóknar þann 14.11.2022 var tekin fyrir umsókn þín um byggingarleyfi í samræmi við neðangreint.

Bergvegur 12 (2022110285)

Umsókn um byggingarleyfi í umfangsflokki I fyrir bílgeymslu sunnan við núverandi aldursfriðað hús sbr. aðaluppdráttum frá GLÓRU teikistofu dags.08.11.2022.

Eftirfarandi var bókað: Byggingarfulltrúi vísar umsókn til skipulagsráðs með vísan í 44.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

1.1.6 Afgreiðslugjald 17.469- kr Greiðsluseðill verður sendur í heimabanka greiðanda.

Óheimilt er að hefja framkvæmdir fyrr en byggingarfulltrúi hefur gefið út byggingarleyfi í samræmi við 13. gr. laga um mannvirki nr. 160 / 2010. Þar segir meðal annars að aðaluppdrættir hafi verið yfirfarnir og áritaðir af byggingarfulltrúa, byggingarleyfisgjöld greidd, byggingarstjóri undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og fyrir liggja ábyrgðaryfirlýsing iðnmeistara á einstökum verkþáttum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Sveinn Björnsson
Byggingarfulltrúi

Úrræði umsækjanda:

Umsækjandi sem er ósáttur við niðurstöðu þeirrar ákvörðunar sem tekin hefur verið og telur rétti sínum hallað á einhvern hátt á þess kostna að bera ágreininginn undir Mannvirkjastofnun og eða leggja fram kæru hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Mannvirkjastofnun getur, sbr. 18. gr. laga um mannvirki nr. 160 / 2010, tekið til athugunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu hvort afgreiðsla byggingarfulltrúa hafi farið í bága við lög.

Mannvirkjastofnun skal þó ekki hlutast til um mál sem þegar eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 59. gr.

Stjórnvaldsáskvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga um mannvirki nr. 160 / 2010 eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 59. gr., sbr. þó ákvæði 2. mgr. 17. gr. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 123 / 2010.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni